


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010		
Höfundur: GLÁ		
Samþykkt: HJS	<b>ÞÝS 303</b>	
Síða 1 af 2	<b>Haust 2010</b>	

<b>Kennari</b>	Anke-María Steinke	<b>Sk.st.</b>	AMS
	ams@vma.is		

### Áfangalýsing:

Framhald í þýsku. Í þessum áfanga verður byggt á undirstöðuþekkingu sem nemendur hafa öðlast í undanförum. Lestextar og æfingar snúast í auknum mæli um flóknari viðfangsefni og við það eykst grunnorðaforðinn. Áhersla verður lögð á að tengja áfangana saman, svo að nemendur liti á námið sem heildarnám. "Óvirk" þekking úr undanfara þarf að verða "virk" í eftirfara. Lögð verður áhersla á að gefa nemendum innsýn í daglegt líf og sögu Þýskalands eftir 1945. Lokið verður við beygingu lýsingarorða og eignarfallið kynnt til sögunnar. Þátíð er kennd. Fornafnaatviksorð eru einnig kennd, en þau eru ekki til í íslensku. Þekking á þeim er nauðsynleg, ekki síst m.t.t. þess að nemendur lesa eina stutta skáldsögu á önninni og er munnlega prófið tekið úr þeirri sögu. Þetta er fyrsta bókin sem nemendur lesa á þýsku utan kennslubókar. Sjálfstæð vinnubrögð eru æfð m.a. með notkun orðabóka og nets. Með aukinni málfræðikunnáttu verða verkefni lengri og yfirgrípsmeiri.

### Markmið:

Eftir þennan áfanga eiga nemendur að hafa náð tökum á


- helstu forsetningum í öllum föllum
- öllum tíðum veikra, sterkra og núpálegra sagna
- lýsingarorðum í öllum föllum
- afturbeygðum sögnum
- aðal- og aukatengingum
- fornafnaatviksorðum

auk atriða úr undanförunum áföngum.

Nemendur eiga að vera færir að skilja einfalda skáldsögu með orðabókanotkun auk greinatexta án orðabókar, að skrifa stíla sem taka á ofanefndum atriðum og tjá sig munnlega/skriflega á sjálfstæðan máta um sína hagi. Þeir eiga líka að geta kynnt borgir og lönd fyrir bekkinn og bara notast við stikkorð. Svo eiga þeir að geta fylgst með þýskum sjónvarpsþáttum og tjáð sig um þá á þýsku.

### Námsgögn:

lesbók og vinnubók:	<u>Þýska fyrir þig 2</u>	Mál og menning	2002
skáldsaga:	W. Flowe: <u>Im Irrenhaus</u>		
ítarefni	<u>ÞÝS303</u>	fæst á skrifstofu VMA, H2010	
málfræði:	<u>Þýska fyrir þig</u>	Mál og menning	
sjónvarpsþættir	<u>Kommissar Rex</u>		
stílar og önnur ljósrit			
nauðsýnlegt er að nemandi haldi vel utan um slík ljósrit í sérstakri möppu			

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010		
Höfundur: GLÁ		
Samþykkt: HJS		
Síða 2 af 2	<b>ÞÝS 303 Haust 2010</b>	

### Áætluð yfirferð:

tími	námsefni	próf og verkefni
Lota 1 vika 33-35	Upprifjun: nlt, efn, pfn	Was hast du in den Sommerferien gemacht? (munnlegt próf)
Lota 2 vika 35- 37	Kafli 1, borgarkynning lo, tíðir sagna	borgarkynning (glærusýning nemenda)
Lota 3 vika 38-41	“Im Irrenhaus” og kafli 2 aukasetn., fnao, lo, eignarfall	Munnlegt próf úr “Im Irrenhaus” miðannarpróf
Lota 4 vika 42-45 (ath. haustfrí)	“Kommissar Rex” og kafli 3 afturbeygð so, ef, lo	Ýmis verkefni
Lota 5 vika 46-48	Landa- og fylkiskynning upprifjun	Landa,- og fylkiskynning (glærusýning nemenda)

### Námsmat og vægi námsþátta:

Námsmat	Lýsing	Vægi
skriflegt	Lokapróf	50%
munnlegt	Was hast du in den Sommerferien gemacht?	5%
glærusýning	Borgarkynning (paraverkefni)	5%
	Landakynning (paraverkefni)	5%
frammistaða á önn	Miðannarpróf	10%
	Ýmis verkefni unnin heima og í tímum	10%
munnlegt	úr “Im Irrenhaus”	15%

### Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils